

## 2. Fundur NOS

kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn í Hveragerði á skrifstofu Hveragerðisbæjar fimmtudaginn 4. september 2014 kl. 10:30

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Ragnar Magnússon, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson og Gunnar Þorgeirsson sem ritaði fundargerð í tölvu. Gunnsteinn R. Ómarsson boðaði forföll einnig varamaður hans.

- Fjárhagsstaða:** Aldís bauð fundarmenn velkomna til fundar. Farið var yfir 8 mánaða stöðu miðað við fjárhagsáætlun, staðan er í samræmi við áætlun ársins. Samþykkt að senda á aðildarsveitarfélögin áætlunina eins og hún er miðuð við nemendafjölda, en áður send áætlun miðar við íbúafjölda þar sem upplýsingar um nemendafjölda lá ekki fyrir þegar áætlun var unnin. Sjá fylgiskjal 1.
- Skóla- og velferðarsvið:** María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu kynnti stöðu starfsmannamála og fór yfir námskeiðahald skólaársins 2014 til 2015. Haldinn var sameiginlegur starfsdagur þann 1. september síðastliðinn með þátttöku allra grunn- og leikskóla á starfssvæði Árnesþings. Mikil ánægja var með þennan dag, þátttaka var um 300 manns af öllu svæðinu. Starfsmönnum þakkað gott utanumhald og framkvæmd verkefnisins.
- Jafnréttismál:** Rætt um málefni jafnréttismála þar sem sveitarstjórnir bera ábyrgð á þeirri stefnu. Samþykkt að taka saman tillögu um jafnréttisáætlun til samræmingar á svæðinu. Fundarmenn hvattir til að mæta á ársfund landsfund jafnréttisnefnda þann 19. september næstkomandi.
- Þjónustusvæði fatlaðra á Suðurlandi:** Samkvæmt 93. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að sameiginleg verkefni skulu vistuð sem byggðarsamlag eða rekin af leiðandi sveitarfélagi. Fundarmenn sammála um að stofna byggðarsamlag um reksturinn, stefnt er að undirritun samnings á aðalfundi SASS þann 22. október. Einnig var rætt um nauðsyn þess að fara yfir þessi mál með ríkisvaldinu þar sem töluvert vantar upp á að endar nái saman fjárhagslega.
- Önnur mál:** Formanni falið að boða til næsta fundar í upphafi næsta mánaðar.

**Fleira ekki gert og fundi slitið 11.30**

**Sign. gp**